



Námsgrein: Sjónlistir - myndmennt 7. bekkur

Vikustundir: 2

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
3-4 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	Kveikja - hvað er tvívídd og þrívídd? Nemendur beðnir um að byrja á verkefninu eftir ákveðnum fyrirmælum. Sjá þegar þrívíddin fæðist.	Þrívídd – nemendur teikna ferhyrning á blað. Síðan eru dregnar línur út frá hornunum á kassanum út að hornunum á blaðinu. Þá er öllu skipt upp í reiti og þá birtist myndin sem horft er inn í glugga eða út um glugga eða niður/upp. Nemendur teikna frjálst það sem þau sjá inni í ferhyrningnum.	Mat á afurð og hversu vel tekst til við að framkalla þrívíddina.
2-3 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla.	Fjallað um hluti þegar þeir eru teiknaðir nálægt og bara brot teiknað úr hlutnum.	Hrekkjavökugrasker - nemendur teikna skref fyrir skref nærmynd af graskeri. Trélitað og skyggt. Köngulær teiknaðar í návígi.	Tileinkun efnis og lokaafurð.
3 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. - Geti tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin	Kveikja - skoða lágmyndir og myndir af leirstyttum af manneskjum.	Leir – jarðleir, nemendur eiga að gera sjálfsmýnd úr leir. Kynna sér brjóstmyndir og lágmyndir.	Lokaafurð metin.

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	sköpun með tengingu við eigin reynslu.			
4 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verk færi og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Kveikja – það er ekki sama hvernig við horfum á hluti hvernig við teiknum þá. Hvernig þér snúa og frá hvaða sjónarhorni við skoðum þá.	Nemendur fá allir sinn hlut. Skipta blaðinu upp í sex jafn stóra parta. Teikna hlutinn frá mismunandi sjónarhornum. Skyggja og fá prívídd í verkið.	Lokaafurð metin.
8 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og prívíð verk. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. – Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. - Geti tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.	Kveikja – Hvernig fellur ljós á andlit? Hvar eru skuggar og ljós. Farið yfir lögmál skissuvinnu í myndlist Nemendur kynnast dúkristuvinnu. Kjarval og Van Gogh kynntir til sögunnar.	Dúkrista - andlit. Hér eru nemendur að fara að vinna með sjálfsmyndir. Fyrst munu nemendur teikna andlitið á hvoru öðru upp með svo kallaðri blindteikningu. Horfa á bekkjarfélaga en mega ekki líta niður á blaðið. Þeir teikna upp andlitið á hvoru öðru, fá leiðbeiningu um það hvernig auðveldara er að teikna andlit. Nemendur teikna andlitið á sér sjálfir upp með notkun spegla. Kalkipappír er notaður til að teikna upp á dúkristuna. Þegar búið að er að skera allt upp þá er að fara að þrykkja. Gaman að prófa mismunandi efni, t.d mismunandi pappír og efni.	Ferlið allt metið, vinna við að teikna bekkjarfélagana upp og lokaafurð.

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
2 – 4 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Sjálfsmyndir skoðaðar, eins og t.d Picasso og Gina Pischel. Gunnar Kvaran.	Ég á línu - línuteikning og karton. Tússpennar. Nemendur eiga að stíka allt blaðið út í línum. Fá síðan fyrirmæli um að finna reiti sem geta verið andlitið. Lita það.	Lokaafurð metin.
6-8 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun - Geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Skissuvinna kennd. Nemendum sýnd raunveruleg dæmi um skissuvinnu. Kenndar aðferðir til að mæla þegar þeir eru að teikna upp eftir fyrirmynd.	Uppstilling – kyrrmynd. Nemendur nýta sér þekkingu við vinnu á uppstillingum. Mæla og slíkt. Nemendur ljósrita verkefnið sitt og mála það í heitum og köldum litum.	Allt ferlið metið.
6-8 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu.	Kveikja – áhugamál, tómtundir, logo, hvað þykir okkur best? Rætt við nemendur um það að enginn sé eins. Allir	Ljósmynd tekin af nemendum. Skorin í tvennt. Annar helmingurinn er tekinn upp í gegnum kalkipappír. Hinn helmingurinn er líka tekinn upp en eingöngu útlínur höfuðs, hárs og peysu. Nemendur læra að vinna með	Allt ferlið metið.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	- Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	mega vera eins og þeir vilja.	ljós og skugga á helminginn sem er með andlitspörtum, lítað og skyggt með vatnsleysanlegum trélitum. Hinn helmingurinn er fylltur upp með áhugamálum og uppáhalds öllu.	
4 – 6 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. - Geti unnið með hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu. - Beiti hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	Kveikja – hvernig er skissa unnin? Farið yfir lögmál skissuvinnu í myndlist.	Nemendur skissa strigaskóinn sinn. Læra að teikna hann í réttum hlutföllum. Skreyta hann að lokum með því sem þeim dettur í hug. Möguleg útfærsla er að stækka skissuna upp á A3 blað og vatnslita myndina.	Mat á tileinkun efnis og lokaafurð. Sjálfstæði nemenda er metið í þessu verkefni. Tileinkun á fyrirmælum um skissuvinnuna. Tileinkunn á tækninni sem þarf til þess að skissa upp fyrirmyndir.

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.

